

6. gr.

Sjóðstjórn semur reikninga árlega og skulu þeir lagðir fyrir aðalfund Leikfélags Kópavogs til samþykktar, eftir að endurskoðendur félagsins hafa yfirfarið þá.

7. gr.

Reikningsárið er almanaksárið.

8. gr.

Hætti Leikfélag Kópavogs starfsemi sinni, skal afhenda bæjarsjóði Kópavogs sjóðinn til vörslu, þar til félagið verður endurreist eða hliðstætt félag stofnað.

9. gr.

Engu má breyta í skipulagsskrá þessari.
Leita skal staðfestingar á henni.

REGLUGERÐ**um hækkun bóta almannatrygginga.**

1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 67/1971 með áorðnum breytingum skulu hækka um 9% frá 1. nóv. 1976 frá því sem þær voru í okt. 1976. Greiðslur samkvæmt 73. gr. skulu breytast með sama hætti.

Hámark tekjutryggingar (uppbót á lífeyri) samkvæmt 1. mgr. 19. gr. skal hækka um 9% frá sama tíma. Skertar tekjutryggingar umreiknast samkvæmt því.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 78. gr. laga nr. 67/1971.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 26. október 1976.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

AUGLÝSING**um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á freðfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. október til 31. desember 1976.**

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á freðfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. október til 31. desember 1976:

Þorskur:

	Ísl. kr. á lb. Cif.
4 × 14 m/r interl.	163.60
4 × 14 r/1 og 8 × 7 r/1	173.13
10 × 5, 3 × 18 og 4 × 12	210.07
5 × 10	215.98